

ÁRSSKÝRSLA 2007



Samantekt

Annað starfsár Náttúruskólans markar skýra stefnu í starfseminni í samræmi við þau markmið sem verkefninu voru sett haustið 2005. Fræðsla um útikennslu vó þungt og Náttúruskólinn hefur skapað sér sess í endurmenntun kennara og aðlögun útikennslu að námskrá skóla.

Námskeið um útikennslu eru veigamesti liðurinn í starfi Náttúruskólans. Sjö námskeið fyrir kennara voru haldin árið 2007, þátttakendur voru 119 og komu úr 37 grunn- og leikskólum í borginni. Í átta grunn- og leikskólum voru haldin námskeið á starfsdegi og í flestum þeirra hafa orðið til þróunarverkefni í útikennslu í kjölfarið.

Náttúruskólinn hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila innan borgarinnar og mikil ásókn

var í skipulagða fræðsludagskrá sem skólinn hefur skipulagt í því samstarfi. Lætur nærri að um 800 nemendur hafi tekið þátt í dagskránni árið 2007.

Að auki hefur Náttúruskólinn komið að ýmsum verkefnum, s.s. setið í starfshópi um umhverfisdaga í skólum, átt sæti í nefnd um kennsluefni við fræðsluvef Orkuveitu Reykjavíkur og staðið fyrir verkefnasamkeppni um umhverfismál meðal grunnskólanemenda í samstarfi við Umhverfisráðuneytið og Landvernd.

Festa sem skapast hefur í starfsemi Náttúruskólans gefur svigrúm til að styðja betur við umhverfismennt og hlúa að verkefnum í anda umhverfisstefnu borgarinnar.

Efnisyfirlit

Stefnumörkun - Markmið	5
Námskeið í útikennslu	6
Framkvæmd	
Mat	
Námskeið á starfsdögum skóla	9
Framkvæmd	
Skólaverkefni	
Verkefnarammar - Flóð og fjara	11
Netverk	12
Dagskrá fyrir nemendur á grænum svæðum borgarinnar	
SNÚ	
Starfshópur um umhverfisdaga	
Fræðsluefni OR	
Varðliðar umhverfisins	
Heimasíða - Útikennsluskrín	16
Umhverfismennt	17
Lokaorð	18



Stefnumörkun - Markmið

Náttúruskóli Reykjavíkur hefur lokið öðru starfsári sínu af þremur. Mikið líf er í starfsemi skólans og fjölbreytt viðfangsefni rekur á fjörur hans. Ákveðin stefna hefur verið mótuð í starfseminni í samræmi við markmið skólans:

Markmið:

1. Að efla útikennslu í grunn- og leikskólum borgarinnar.
2. Að skapa vettvang fyrir heilsteypu umhverfisstarf í skólum í anda umhverfisstefnu borgarinnar - *Reykjavík í mótun.*

Unnið hefur verið með skólum að því að innleiða útikennslu og gera hana að hefðbundnum þætti í starfsemi skólanna. Margir skólar hafa náð góðum árangri á þessu sviði. Í hverjum skóla er nálgunin sérstök og sá stuðningur sem skólarnir þurfa afar mismunandi. Kennaranámskeið Náttúruskólans hafa skapað

sér fastan sess og njóta síaukinna vinsælda. Margir kennarar búa yfir allnokkurri reynslu í útikennslu og sjálfstæði þeirra í því að afla sér viðbótarþekkingu fer vaxandi. Gestakennarar á námskeiðunum og þátttaka heilbrigðisfulltrúa af Umhverfis- og samgöngusviði auka enn frekar á fjölbreytni þeirrar fræðslu sem í boði er.

Mikil ásókn er í þá fræðsludagskrá sem Náttúruskólinn hefur komið á laggirnar í samstarfi við ýmsa aðila innan borgarinnar. Margir nýta tækifærið og taka þátt í dagskránni með það fyrir augum að sjá og kynnast útikennslu í meðförum reyndra kennara. Oft reynist þátttaka í skipulagðri fræðsludagskrá aðeins fyrsta skrefið í því að kennari tileinki sér aðferðina.

Á þeim tveimur árum sem Náttúruskólinn hefur verið starfræktur hefur mikill vöxtur orðið í útikennslu í skólum borgarinnar. Hugtakið *útikennsla* er ekki lengur nýyrði í tungumálinu og sumsstaðar er útikennsla orðin sjálfsgöð viðbót við hefðbundið skólastarf.

Námskeið í útikennslu

Febrúar - mars - apríl - maí - október - nóvember - desember

Framkvæmd

Á árinu 2007 stóð Náttúruskóli Reykjavíkur fyrir sjö námskeiðum fyrir kennara, leiðbeinendur og aðra sem áhuga hafa á útikennslu og starfa með börnum og unglingum. Námskeiðin eru orðin að föstum lið í starfsemi Náttúruskólans, þau eru ávallt haldin í fyrstu viku hvers mánaðar og eru stutt og hnitmiðuð. Þau eru haldin á mismunandi dögum til að koma í veg fyrir að kennarar við einhverja skóla séu útilokaðir frá þátttöku vegna fastra fundartíma og eru haldin utandyra í lok skóladags. Hvert og eitt námskeið er þó sjálfstætt þar sem viðfangefni þeirra eru ólík.

Fyrsta námskeið ársins var haldið í febrúar í Grasagarði Reykjavíkur. Um var að ræða grunnnámskeið í útikennslu þar sem fjallað var um aðferðafræði við útikennslu og ýmis hagnýt atriði dregin fram. Verklegar æfingar voru gerðar utandyra. Þessu námskeiði var einkum ætlað að höfða til þeirra sem ekki hafa stundað útikennslu áður en hefðu áhuga á að prófa kennsluáferðina með hækkandi sól.

Í mars stóð Náttúruskólinn fyrir námskeiði um reykvískar fjörur í samstarfi við Mengunarvarnir Umhverfissviðs og Sjávardýrasafn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Námskeiðið var haldið í Korpuskóla í Staðarhverfi og í fjörunni fyrir neðan hverfið. Heilbrigðisfulltrúi frá Mengunarvörnum fór yfir vöktunaráætlun fyrir reykvískar fjörur og kynnti niðurstöður helstu rannsókna. Fjallað var um ástand fjara og hvar og hvernig best er fyrir kennara að starfa með börnum í fjörum. Forstöðumaður Sjávardýrasafnsins mætti á staðinn með ýmis sjávardýr í kerum og gafst þátttakendum námskeiðsins tækifæri til að skoða, snerta og handfjatla dýrin. Námskeiðið var fyrsta skrefið af vonandi mörgum til að efla samstarf um fræðslu innan Umhverfissviðs.

Námskeiðið Skógarlíf var haldið í rjóðri við Reynisvatn í apríl. Þar var m.a. fjallað um


trjátegundir, íslenskar og erlendar, og íbúa skógarins, stóra og smáa. Gestakennarar á námskeiðinu voru Herdís Friðriksdóttir skógfræðingur, Halldór Sverrisson plöntu-sjúkdómafræðingur og Einar Þorleifsson fuglafræðingur.

Síðasta námskeiðið á vormisseri var haldið í útikennslustofunni í Heiðmörk í maí. Námskeiðið kallaðist Lífríki ferskvatns og var haldið í samstarfi við Mengunarvarnir Umhverfissviðs. Heilbrigðisfulltrúi frá Mengunarvörnum fór yfir helstu niðurstöður vöktunar á ástandi lífríkisins og fjallað var um hvaða möguleika umhverfi vatna býður upp á til útikennslu.


Fyrsta námskeið haustannar var haldið í október í Grasagarði Reykjavíkur og nefndist það Náttúruleikir og ungir nemendur. Það var einkum ætlað kennurum í leikskólum og á yngsta stigi grunnskólans enda leikurinn í forgrunni á námskeiðinu. Fjallað var um hvernig leikir hjálpa yngstu nemendum að upplifa og skynja umhverfi sitt og ýmsir náttúruleikir kenndir.

Í nóvember var haldið námskeið í útiöldun í samstarfi við Guðmund Finnbogason heimilisfræðikennara við Laugarnesskóla. Engin heimilisfræðistofa er í Laugarnesskóla






1. mynd. Myndir sýnir hve þátttakendur á kennaranámskeiðum koma úr mörgun leikskólum og grunnskólum.



2. mynd. Fjöldi þátttakenda sem sækja eitt, tvö eða þrjú eða fleiri námskeið hjá Náttúruskólanum.



3. mynd. Á myndinni sést hve mörg námskeið skila sér til leikskólanna, grunnskólanna og til annarra.

og fer kennsla í heimilisfræði fram utandyrá á skólalóð. Fjallað var um eld og eldstæði, áhöld og tæki til eldunar á viðarkolum og prímusum og þátttakendur spreyttu sig á matseldinni. Námskeiðið var haldið í útikennslustofunni í Heiðmörk.

Í desember var haldið námskeiðið Stærðfræði og útikennsla. Þar var farið yfir hvernig útikennsla getur auðgað stærðfræðinámskeiðin á öllum stigum grunnskólans, hvort sem hún fer fram í manngerðu umhverfi eða náttúrulegu, og ýmsir stærðfræðileikir kenndir. Námskeiðið hentaði öllum kennurum, jafnt stærðfræðikennurum sem almennum. Mikil aðsókn var á námskeiðið sem var endurtekið viku síðar.

Mat

Námskeið Náttúruskólans voru mjög vel sótt á árinu. Nánast fullbókað var á öllum námskeiðin þó svo sum séu vinsælli en önnur. Alls sóttu 119 kennarar úr 37 grunn- og leikskólum borgarinnar námskeið hjá Náttúruskólanum. Meirihluti þátttakenda kom úr grunnskólunum. Starfsmenn í 26 grunnskólum borgarinnar sóttu námskeið hjá Náttúruskólanum á árinu en aðeins starfsmenn úr 11 leikskólum (sjá 1. mynd).

Nokkuð er um að þátttakendur sækja endurtekið námskeið, þ.e. taki þátt í fleiri en einu námskeiði. Tæplega 90 þátttakendur sóttu eitt námskeið á árinu, 28 voru þátttakendur á tveimur námskeiðum en fjórir sóttu þrjú eða fleiri námskeið hjá Náttúruskóla Reykjavíkur árið 2007 (sjá 2. mynd).

Það eru einnig frekar starfsmenn grunnskólanna sem sækja endurtekið námskeiðin umfram starfsmenn leikskólanna. Af alls 155 námskeiðsígildum fóru 117 til grunnskólanna og dreifðust á 86 þátttakendur en aðeins 28 námskeið fóru til leikskólanna og dreifðust á 27 þátttakendur. Aðrir þátttakendur á námskeiðum voru starfsmenn samstarfsaðila í mismunandi verkefnum, s.s. starfsmenn í Grasagarði Reykjavíkur, starfsmenn Vinnuskóla Reykjavíkur og Skógræktarfélag Reykjavíkur (sjá 3. mynd).


Tafla 1. Nokkur af þeim svörum sem kennarar gáfu þegar þeir voru spurðir eftir væntingum sínum til námskeiða Náttúruskólans.

Hvað er það sem þú vilt fá út úr því að sækja námskeiðið?	Telur þú námskeiðið standa undir þeim kröfum? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
Leiðbeiningar um hvernig hægt er að skipuleggja og framsetja útikennslu.	Ég er miklu jákvæðari og áhugasamari að hella mér út í útikennslu. E-ð sem ég var ekkert ofsalega spennt fyrir.
Sjálfskraust til að fara með nemendur í samskonar fræðslu.	Hvetur okkur til að stíga fyrstu sporin.
Að fá sem besta sýnikennslu á hvernig nota má umhverfið í leikjum og verkefnum.	Er í tengslum við það sem ég er að kenna.
Möguleika á að nýta mér betur náttúruna í kennslu.	Fullt af góðum hugmyndum sem ég ætla að nota.
Samræmt útiveru og nám í umhverfisfræðum.	Vekur til umhugsunar og áhuga.
Fá hugmyndir hvernig hægt er að vekja áhuga barnanna á umhverfinu.	Vegna þess að það eykur skilning á mögulegum aðferðum í stærðfræðikennslu og tengingu við umhverfið.
Fá stuðning til að takast á við nýjungar.	Fékk finar hugmyndir sem ég sé fram á að geta nýtt mér.
Vera fær um að gera útikennslu skemmtilega og fræðandi.	Vegna fyrri reynslu af námskeiðum Náttúruskólans.

Eins og áður voru allir þátttakendur beðnir um að meta námskeiðin. Matið var tvíþætt, annars vegar var spurt um ytra skipulag námskeiðs, þ.e. tímasetningu og tímalengd ásamt staðsetningu þess, og hins vegar var spurt um innra skipulag, þ.e. viðfangsefni, framsetningu og skipulag (sjá 4. mynd). Að auki voru þátttakendur beðnir um að skrifa hvers þeir vænta með því að sækja námskeið og meta hvort og þá hvers vegna/hvers vegna ekki þeir teldu námskeiðið standa undir væntingum þeirra. Allir þátttakendur sem skiluðu mati að loknu námskeiði töldu það standa undir væntingum þeirra. Þeir voru einnig beðnir um að skrá hverjar væntingar þeirra væru til námskeiða í Náttúruskólanum og hvers vegna þeir teldu námskeiðið standa undir væntingum sínum (sjá töflu 1).

Allmikil reynsla af því að halda kennaranámskeið er í Náttúruskólanum. Ljóst er af ofangreindum niðurstöðum að kennarar eru ánægðir með námskeiðin en þau virðast frekar höfða til þeirra sem starfa í grunnskólunum. Aðstæður grunn- og leikskóla borgarinnar eru mjög ólíkar þegar kemur að því að takast á við þróunarverkefni og innleiðingu nýrra kennsluhátta. Sveigjanleiki í starfsemi leikskóla gefur þeim tækifæri til að innleiða útikennslu með heildstæðari hætti en grunnskólunum (sjá *Námskeið á starfsdögum skóla*, bls. 9). Áhugasamir grunnskólakennarar kjósa að

sækja námskeið í útikennslu sjálfir til að auðga eigin kennsluhætti þrátt fyrir að viðkomandi skóli hafi það ekki að markmiði að byggja upp heildstæða útikennslu. Einnig er nokkuð um að skólar, sem stunda útikennslu reglubundið, sendi kennara sína á námskeið til Náttúruskólans til að sækja þekkingu og auka fjölbreytni í þeirri útikennslu sem fyrir er.



4. mynd. Samantekið mat þátttakenda á námskeiðum árið 2007.

Námskeið á starfsdögum skóla

Framkvæmd

Frá upphafi hefur Náttúruskólinn lagt mikla áherslu á að vinna með leik- og grunnskólunum á þeirra forsendum við innleiðingu útináms. Í boði hafa verið heil- og hálf dagsnámskeið fyrir skólana sem heild þar sem allt starfsfólk skólans hefur fengið sömu fræðslu. Á árinu 2007 var sérstök áhersla lögð á að fylgja þessum námskeiðum eftir.

Skólarnir hafa frumkvæði að því að kalla eftir fræðslunni, þ.e. námskeiðin eru aðeins haldin að ósk skólanna sjálfra. Í hverju námskeiði felast eftirfarandi þættir:

1. Fyrirlestur – Kynning á aðferðafræði útikennslu, fjallað um hvar hugmyndafræðin á rætur sínar, helstu kosti og galla aðferðarinnar og grunnatriði í skipulagningu útikennslu. Einnig fjallað um helstu þröskuldana sem eru í vegi þess að kennarar leggi meiri áherslu á útikennslu og leitað leiða til að ryðja þeim úr vegi í hverjum skóla fyrir sig.
2. Verkefni utandyra – Fjallað um tilhögun útikennslu utandyra, raddbeitingu, staðsetningu, skipulag verkefna og dreifingu nemenda um rými. Ýmsir náttúruleikur kenndir og prófaðir.
3. Skólalóð og nágrenni – Skólalóðin skoðuð í því ljósi hvernig hún getur nýst til útikennslu, hvar hentugt er að vinna m.t.t. aldurs og fjölda nemenda, námsgreina, veðurfars o.fl. Einnig kannað hvaða svæði í nágrenni skólans getur nýst sem útikennslusvæði.
4. Bækur og gögn – Lögð fram margs konar fræðirit um útikennslu, kennslugögn og – bækur, hugmyndir og verkefni. Gögnin fær skólinn að láni í 2-4 vikur að námskeiði loknu.
5. Eftirfylgni – Samtöl, símtöl og tölvupóstur, samráðsfundir, ráðgjöf og stuðningur að námskeiði loknu. Allt eftir því hvað hentar skólanum hverju sinni og hvers konar verkefni spretta af námskeiðsdegi.

Sex leikskólar fengu námskeiðsdag, heilan eða hálfan, með Náttúruskólanum á árinu. Fleiri óskuðu þó eftir fræðslu sem ekki var hægt að sinna vegna anna. Aðeins var haldinn námskeiðsdagur í tveimur grunnskólum árið 2007 (sjá töflu 2).

Tafla 2. Þeir skólar sem fengu námskeið á starfsdegi árið 2007.

Leikskólar	Grunnskólar
• Blásalir	• Álftamýrarskóli
• Brekkuborg	• Langholtsskóli
• Fellaborg	
• Laufásborg	
• Lyngheimar	
• Rauðhóll	

Skólaverkefni

Í mörgum þeirra skóla sem haldin voru námskeið í á starfsdögum urðu til þróunarverkefni í útikennslu en einnig var á árinu nokkuð um að leitað væri eftir stuðningi Náttúruskólans við önnur útikennsluverkefni sem skólarnir höfðu sjálfir frumkvæði að.

Í Blásölum í Seláshverfi hefur orðið til þróunarverkefni um útikennslu í vali. Það er nýjung að leikskólabörnum standi til boða að velja sér fræðslu í vali, ekki bara útiveru. Fundað var með verkefnisstjóra í Blásölum hálfsmánaðarlega á haustmisseri og í janúar fékkst styrkur frá Þróunarsjóði leikskóla til verkefnisins árið 2008.

Brekkuborg í Húshverfi Grafarvogs er einn af þeim leikskólum sem lengi hefur fléttað útivist við starfsemi skólans. Í kjölfar námskeiðs á haustdögum var ákveðið að taka verkefnið fastari tókum og byggja upp markvisst útinám í öllum árgöngum. Mótað var teymi innan skólans sem leiðir starfið og er tengiliður skólans við Náttúruskólann. Á skólalóðinni

eiga allir hópar leikskólans sitt heimasvæði sem unnið er markvisst með í hverri viku. Að auki fara allir nemendahópar reglulega í vettvangsferðir á annað heimasvæði sem hver hópur hefur fengið úthlutað í nágrenni skólans. Teymið fundar með Náttúruskólanum á u.þ.b. 6 vikna fresti en í leikskólanum er mikil reynsla af útikennslu og kennarar mjög sjálfstæðir í verkefninu.

Í leikskólanum Fellaborg er fjölmennig eitt helsta einkenni leikskólastarfsins, bæði í nemendahópnum og starfsliði. Aðstæður þar til útikennslu eru því allt aðrar en margra annarra leikskóla. Þar starfar sérstakur verkefnisstjóri útikennslu að innleiðingu aðferðarinnar í öllum deildum leikskólans. Óhætt er að segja að unnið hafi verið mikið frumkvöðlastarf í útikennslunni þar sem mikil áhersla er á hvers konar málörvun, orðnotkun og málskilning. Fundað var með verkefnisstjóra á u.þ.b. þriggja vikna fresti á haustmisserinu. Samstarfið heldur áfram fram á vor með sama sniði, með stuðningi og ráðgjöf.

Laugaborg og Sunnuborg hafa hafið samstarf um útikennslu í samvinnu við Grasagarð Reykjavíkur. Verkefnið hlaut styrk úr þróunarsjóði leikskóla fyrir árið 2008. Náttúruskóli Reykjavíkur hefur aðkomu að verkefninu í formi ráðgjafar sem skólarnir kalla eftir ef og þegar þeir telja þörf á. Markmið verkefnisins, sem nefnist *Leikið í Laugardal* er að gera Laugardalinn að hjarta hverfisins, miðju útikennslu í hverfinu og tengja íbúa þess betur Grasagarði Reykjavíkur. Í Grasagarðinum er um þessar mundir unnið að stækkun garðsins. M.a. er gert ráð fyrir sérstöku útikennslusvæði og er markmiðið með þátttöku garðsins í samstarfsverkefninu einkum fólgin í að þróa hugmyndir um útikennslusvæði sem nýta má í framtíðinni

fyrir fleiri, stærri og aðra aldurshópa í hverfinu og víðar.

Álftamýrarskóli hefur um langt skeið verið einn brautryðjendaskóla höfuðborgarinnar í útikennslu. Skólinn hefur tekið þátt í *Lesið í skóginn* um nokkurt skeið og á skólalóð hefur verið útbúin ágætis aðstaða í rjóðri meðfram skólabyggingunni. Skólinn hefur kallað mjög eftir frekari stuðningi við útikennsluna, aukinni fræðslu um kennslufræði útináms og dýpri nálgun í aðferðafræðinni. Á árinu hefur Náttúruskóli Reykjavíkur unnið markvisst með öllum kennurum skólans en áhuginn er mestur á yngsta- og miðstigi þar sem útikennsla er orðin að föstum lið í stundatöflu allra bekkja.

Í Ísaksskóla hefur áhugi á útikennslu vaxið jafnt og þétt. Kennarar skólans verið tíðir þátttakendur á kennaranámskeiðum Náttúruskólans en ekki hefur verið haldið námskeið á starfsdegi í skólanum. Tvö verkefni eru í gangi í skólanum sem Náttúruskólinn hefur haft beina aðkomu að. Annars vegar aðstoðaði Náttúruskólinn við skipulagningu og framkvæmd útidags fyrir alla árganga skólans á vordögum 2007. Nú þegar er ákveðið að útidagarnir verði endurteknir vorið 2008. Hins vegar hefur Náttúruskólinn stutt Ísaksskóla í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur í að taka á móti elsta árgangi skólans í garðinum. Ísaksskóli er í fyrsta sinn í vetur í sögu skólans með 4. bekk í skólanum en markmið verkefnisins er að skapa árganginum hefðir í skólstarfinu og um leið að efla útikennslu. Nemendurnir heimsækja Grasagarðinn einu sinni í mánuði og fá þar með tækifæri til að fylgjast með náttúrunni, umhverfinu og störfum garðyrkjufraeðinga yfir þrjár árstíðir. Samstarfssamningur var gerður um verkefnið sem gildir til loka skólaársins.

Verkefnarammar - Flóð og fjara

Leikskólinn Bakki hefur gert útikennslu í fjöru að sinni sérstöðu og hefur verið ötull fræðari annarra leikskóla en mikil eftirspurn er eftir því að koma í heimsókn í Bakka til að kynna sér verkefnið. Endurnýjaður var samstarfs-samningur við leikskólann Bakka og bætt við aðkomu Mengunarvarna á Umhverfis- og samgöngusviði. Nú er samningurinn þríliða og þau gögn sem leikskólinn aflar um ástand fjörunnar, rusl og mengun, berast Mengunarvörnum. Einnig eru heilbrigðis-fultrúar á Mengunarvörnum leikskólanum innan handar vegna athugana og mælinga í

fjörunni.

Langholtsskóli vinnur með sama hætti í fjörunni í Laugarnesinu. Þangað fara nemendur 4. bekkjar í hverri viku og hefur samstarfið við Mengunarvarnir verið með sama sniði og við leikskólann Bakka. Ekki hefur verið undirritaður formlegur samningur um verkefnið.

Fleiri skólar í borginni á starfa reglulega í fjörunum þó þeir taki ekki þátt í verkefnarammanum með formlegum hætti. Nærri liggur að allar fjöru borgarinnar, sem ekki eru manngerðar séu nýttar til skólastarfs.



Netverk

Dagskrá fyrir nemendur á grænum svæðum borgarinnar

Markmið:

1. Að vinna með nemendum og kennurum þeirra úti í náttúrunni.
2. Að opna augu þátttakenda fyrir umhverfi sínu í gegn um útikennslu.
3. Að nýta opin svæði Reykjavíkur til fræðslu fyrir skólabörn.

Náttúruskólinn á gott samstarf við ýmsar stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki um uppbyggingu fræðslu á vettvangi. Mikil aðsókn er í auglýsta dagskrá en stuðningur Náttúruskólans hjálpar ýmsum aðilum í borginni að taka á mótum nemendum í markvissa dagskrá utandyra. Einnig hefur

dagskráin reynst mikilvægur vettvangur til að kynna og sýna útikennslu í verki og opna þannig augu kennara fyrir möguleikum aðferðarinnar.

Heimsókn í Grasagarð Reykjavíkur (skólahópar leikskóla og nemendur í 1.-4. bekk grunnskóla)

Samstarf Náttúruskóla Reykjavíkur og Grasagarðs Reykjavíkur var árangursríkt og sérlega ánægjulegt á árinu. Áfram var tekið á mótum nemendum á þriðjudögum á vor- og haustmisseri og líkt og áður var eftirspurnin langt umfram framboð. Fullbókað var í allar heimsóknir og vísa þurfti fjölmörgum hópum frá. Margir af þeim skólum sem komu í garðinn haustið 2006 komu aftur í garðinn með aðra hópa árið 2007. Eins og áður fór verkefnisstjóri Náttúruskólans í heimsókn til allra bekkja sem væntanlegir voru í garðinn. Fræðslan var skipulögð með sama hætti og árið 2006 (sjá Ársskýrsla Náttúruskóla



Í einni heimsókn barna í Grasagarðinn fannst dáinn skógarþröstur í skóginum. Eftir að hafa skoðað fuglinn og gaumgæft bæði fjaðrir, gogg og fætur, var fuglinn jarðaður. Þessi stund í garðinum varð mörgum barnanna innblástur í myndum sem þau sendu garðinum að heimsókn lokinni.



Reykjavíkur 2006) en garðyrkjufræðingar í Grasagarðinum hafa í auknum mæli tekið þátt í kennslunni. Kennslan hefur veitt þeim aðra sýn á Grasagarðinn og gefið starfi þeirra aukið gildi. Þeir starfsmenn sem sinnt hafa fræðslunni hafa einnig sótt kennaranámskeið Náttúruskólans sem hluta af sinni endurmenntun.

Tekið var á móti 316 nemendum í fylgd kennara sinna í 15 heimsóknum í Grasagarðinn á árinu. Sem fyrr voru nemendur beðnir um að tjá upplifun sína af heimsókninni í máli og/eða myndum sem skólinn sá um að senda Grasagarðinum.

Dagur í Heiðmörk (5.-7. bekkur)

Á vormisseri var tekið á móti nemendum í samræmi við samkomulag Náttúruskólans og Skógræktarfélags Reykjavíkur fyrir skólaárið 2006-2007. Fræðslan var með sama sniði og haustmisserið 2006 (sjá *Ársskýrsla Náttúruskóla Reykjavíkur 2006*). Alls eyddu 277 nemendur deginum í Heiðmörk í sjö heimsóknum. Mikil ánægja var með dagskrána og í textabrotum sem nemendur skildu eftir sig í lok hvers dags

eru mörg fróðleikskorn um upplifun þeirra á deginum.

- Það er fallett hérna og gaman að vera í náttúrunni. Það er svo mikið sem hægt er að gera. Það er svo fallett að horfa út á vatnið og loftið er frábært. Skógarnir eru svo friðsælir. Ég elska náttúruna.
- Það var mjög gaman, mér fannst mest spennandi að grilla pylsurnar og bara allt. Það var ekkert leiðinlegt og við lærðum mikið, t.d. að mæla með spýtu, nokkra leiki og kynntumst betur og að vera allan daginn í skóginum.
- Mér fannst leiðinlegt af því að það var allt úti flugum og sætin voru svo óþægileg. En mér fannst gaman þegar það var frjálst.
- Mér fannst rosalega gaman. Ég vildi að allir skóladagar væru svona. Ég lærði nöfn á trjám og plöntum o.fl. Mér fannst gaman í stærðfræðiverkefninu og líka í náttúrufræðinni. Þetta var æði.
- Mér fannst gaman að grilla á varðeldi. Mig langar til að skóladagarnir verði svona. Mér fannst gaman í stærðfræðiverkefninu. Mér fannst gaman að finna tré og teikna þau. Ég lærði margt hérna.



Á vormisserinu urðu breytingar á starfsmannahaldi hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í Heiðmörk. Í mars hætti verkefnisstjóri hjá SR sem sá um fræðslu á vegum félagsins og þar með stóð verkefnisstjóri Náttúruskólans uppi einn með fræðsluna. Það er ekki ætlun Náttúruskólans að standa fyrir fræðslu einn síns liðs, heldur er markmiðið með dagskránni að styrkja aðra aðila til að byggja upp fræðslu á vettvangi. Samkomulag milli SR og Náttúruskólans um fræðslu í Heiðmörk var ekki endurnýjað og því var engin formleg dagskrá í boði fyrir nemendur á miðstigi á haustönn. En í desember tók Náttúruskólinn hins vegar þátt í jóladagskrá SR þar sem boðið var upp á stuttar fræðslustundir fyrir börn ásamt foreldrum í útikennslustofunni.

Reiknaðu með náttúrunni! (8.-10. bekkur)
Ratleikurinn í Elliðaárdal hefur ekki verið

mikið auglýstur í skólum. Þrátt fyrir það eru alltaf einhverjir hópar sem óska eftir því að fá að taka þátt. Á árinu fóru 194 nemendur í ratleikinn úr alls 5 skólum. Í flestum tilfellum eru það greinakennarar sem kenna þá gjarnan stærðfræði í öllum árganginum og bóka ratleikinn fyrir allan árganginn í einu. Ratleikurinn er mjög einfalt og sniðugt kennslutæki sem óskandi væri að nýttist betur. E.t.v. þarf að huga að því að auglýsa ratleikinn sérstaklega til unglingastígskenara.

SNÚ

Þann 3. nóvember sl. voru stofnuð *Samtök náttúru- og útiskóla (SNÚ)* á Íslandi. Undirbúningur að stofnun samtakanna stóð nánast allt árið eða frá því að boðið var til undirbúningsfundar í febrúar sl. ár. Skráðir stofnmeðlimir í samtökunum eru 90 talsins, Náttúruskóli Reykjavíkur þar á meðal, og fór



Þátttakan fram úr björtustu vonum. Að samtökunum standa allir þjóðgarðar landsins, náttúrustofur og fjöldi fræðslusetra um land allt, Kennaraháskóli Íslands, Vinnuskóli Reykjavíkur og grunn- og leikskólar af öllu landinu. Verkefnisstjóri Náttúruskólans sat í undirbúningshópi fyrir stofnun samtakanna og var á stofnfundinum kosinn formaður þeirra. Framundan er spennandi starf í samtökunum og ljóst að áhugi á útikennslu og fræðslu á vettvangi hefur farið mjög vaxandi síðan Náttúruskóli Reykjavíkur steig sín fyrstu skref.

Starfshópur um umhverfisdaga

Náttúruskóla Reykjavíkur barst beðni frá Menntasviði um að taka sæti í starfshópi um umhverfisdaga í grunnskólum. Í hópnum sátu skólustjórar tveggja grunnskóla, verkefnisstjóri Lesið í skóginn, skólustjóri Vinnuskóla Reykjavíkur ásamt fulltrúa Menntasviðs og Framkvæmdasviðs. Fundaði hópurinn þrisvar sinnum og skilaði tillögum til Menntasviðs um framkvæmd og hugmyndir að útfærslu útikennslu og umhverfisfræðslu á umhverfisdögum.

Fræðsluefni OR

Í ágúst fór Menntasvið þess á leit við verkefnisstjóra Náttúruskólans að hann tæki þátt í nefnd um gerð fræðsluefnis fyrir nýjan fræðsluvef Orkuveitu Reykjavíkur. Fræðsluvefurinn er gerður á grundvelli bókunar í stjórn OR um samstarf við

fræðsluyfirvöld í Reykjavík um fræðsluefni á vef OR.

Fenginn hafði verið til verksins nemi í Kennaraháskólanum og var hlutverk nefndarinnar að yfirfara efnið með það fyrir augum að sníða af því hugsanlega annmarka. Drög að fræðsluefninu voru tilbúin í lok ársins og í framhaldi af samstarfi þessu verður efnið prufukennt á vorönn 2008 í nokkrum grunnskólum borgarinnar. Náttúruskóli Reykjavíkur hefur einnig aðkomu að prufukennslunni þar sem hann þjónar sem tengiliður þátttökuskólanna við OR og Menntasvið.

Varðliðar umhverfisins

Á vorönn stóðu Umhverfisráðuneytið, Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur fyrir verkefnasamkeppni um umhverfismál meðal grunnskólanemenda. Markmið keppinnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismál og kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar á því sviði. Verkefni sem bárust í keppnina voru af öllum toga, myndbönd, ritgerðir, myndverk, veggspjöld o.s.frv. Veitt voru verðlaun fyrir fimm verkefni og afhenti umhverfisráðherra verðlaunin við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum á Degi umhverfisins þann 25. apríl.

Stefnt er að því að verkefnasamkeppnin verði árlegur viðburður. Verkefni þurfa ekki að vera unnin sérstaklega fyrir samkeppnina heldur er vonast til að hún geti gefið nemendum og kennurum tækifæri til að koma á framfæri verkefnum sem þegar hafa verið unnin í skólanum.



Hópur verðlaunahafa í verkefnasamkeppninni *Varðliðar umhverfisins* með umhverfisráðherra við afhendingu verðlaunanna á Kjarvalsstöðum á degi umhverfisins 2007.

Heimasíða - Útikennsluskrín

Heimasíða Náttúruskólans er sá miðill sem mest er notaður til að koma á framfæri tilkynningum og upplýsingum um starfsemina. Fréttir af viðburðum eru reglulega uppfærðar og viðburðir eru skráðir í atburðadagatal. Upplýsingar um kennaranámskeið og dagskrá fyrir nemendur er einnig að fá á síðunni. Talning er á síðunni, þ.e. skráðar eru upplýsingar um mest lesna efni vefsins, flestar síðuflettingar o.fl. Vefsíðan fékk um 22000 heimsóknir á síðasta ári en nokkuð er misjafnt eftir mánuðum hve mikið hún er sótt. Niðurstöður talningarinnar benda til þess að Útikennsluskrínið sé vinsælasta efni síðunnar en skrínið er leitarvél þar sem fletta má upp

kennsluefni í útikennslu eftir námsgrein og aldri nemenda. Nokkuð hefur verið rætt í verkefnisstjórn um það hvernig efla megi skrínið þar sem sýnt er að það nýtist kennurum vel til hugmyndaöflunar. Leyfi hefur fengist frá forsvarsmönnum Skoven-skolen til að þýða og staðfæra efni sem á heimasíðu samtakanna er að finna en eins og sakir standa annar verkefnisstjóri Náttúruskólans ekki verkinu. Möguleiki gæti verið fólgin í því að fá kennaranema/háskólanema til að taka að sér verkið og sækja um styrk til þess í einhvern þeirra sjóða sem styrkja starfsemi grunn- og leikskólanna.

Umhverfismennt

Á þeim tíma sem Náttúruskólinn hefur starfað hefur mikið gerst í þróun útikennslu og umhverfismenntar. Með útikennslu hefur verið unnið að því að efla umhverfisvitund barna í grunn- og leikskólum borgarinnar. Aukin fræðsla er grundvöllur þekkingar og kunnáttu sem aftur eru forsendur fyrir þátttöku einstaklingsins. Frá upphafi verkefnisins hefur mikið verk verið unnið í því að innleiða útikennslu og kynna hugmyndafræðina að baki. Mikið hefur áunnist í þeim efnum og skilningur kennara og starfsfólks á aðferðinni er allur annar en fyrir tveimur árum.

Í markmiðum Náttúruskóla Reykjavíkur segir að skapa skuli „vettvang fyrir heilsteypt umhverfisstarf í skólum í anda umhverfisstefnu borgarinnar – Reykjavík í mótun“. Nú þegar skilningur á nauðsyn

útikennslu er orðinn útbreiddari meðal skólafólks skapast svigrúm til að auka umhverfismennt og umhverfismál í starfsemi Náttúruskólans. Á Umhverfis- og samgöngusviði er frumkvæði í umhverfismálum og þar fer stefnumótun Reykjavíkur í umhverfismálum fram. Mikilvægt er að þau skilaboð sem skólar borgarinnar fá um umhverfismál/ umhverfismennt séu í samræmi við þá stefnu sem borgin hefur sett sér.

Í starfsáætlun Náttúruskóla Reykjavíkur fyrir ágúst 2007- desember 2008 segir:

„Hvetja þarf til aukins umhverfisstarfs í skólum og leita leiða til að stuðla að umhverfismennt í útikennslu. T.d. með mótun verkefnaramma.“ Á síðasta starfsári Náttúruskólans er ætlunin að hlúa betur að þessum þætti og beina sjónum meira að umhverfismálunum en verið hefur.



Lokaorð

Aðstæður Náttúruskólans eru um margt ólíkar því sem þær voru fyrir tveimur árum. Þekking á útikennslu hefur aukist gríðarlega í skólum höfuðborgarsvæðisins og fjölmargir leggja stund á aðferðina hvort sem það er gert í samstarfi við Náttúruskólann eða ekki. Brautin fyrir útikennslu hefur verið rudd.

Mörg samstarfsverkefni hafa fæðst á starfstíma Náttúruskólans og sum þeirra eru orðin sjálfbær, þ.e. framþróun þeirra er ekki lengur á herðum Náttúruskólans. Í því sambandi má nefna *Flóð og fjöru* í leikskólanum Bakka, mótun fræðsludagskrár í Grasagarði Reykjavíkur, stofnun *Samtaka náttúru- og útiskóla (SNU)*, útikennslu í Álftamýrarskóla, í Brekkuborg og víðar.

Önnur verkefni hafa skapað sér fastan sess í hugum kennara sem brunnur endurmenntunar og hugmynd í útikennslu, s.s. kennaranámskeið Náttúruskólans og leitarvél verkefna á heimasíðu (útikennsluskrín).

Þetta skapar svigrúm fyrir þróun Náttúruskólans og gefur tækifæri á að leggja aukna áherslu á umhverfismál m.a. í útikennslu. Sóknarfæri er í að koma að umhverfismennt unglinga í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur. Mikilvægt er að styrkja samstarf þessara tveggja skóla á Umhverfis- og samgöngusviði og hlúa þannig að umhverfisverkefnum í tengslum við stefnumótun Reykjavíkur í umhverfismálum, *Reykjavík í mótun*.



Náttúruskóli Reykjavíkur
www.natturuskoli.is



LANDVERND

Reykjavík
Febrúar 2008